

## Framhaldsaðalfundur Héraðsskjalasafns Austfirðinga árið 2018

Haldinn í fundarsal Fljótsdalshéraðs föstudaginn 14. desember. Fundurinn hófst kl. 13:00.

Formaður stjórnar, Ólafur B. Valgeirsson, setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Ólafur stakk upp á Stefáni Bragasyni sem fundarstjóra og var sú tillaga samþykkt. Báru Stefánsdóttur var falið að rita fundargerð.

Fulltrúar sveitarfélaga á fundinum voru:

Borgarfjarðarhreppur:	enginn fulltrúi
Djúpavogshreppur:	Þorbjörg Sandholt
Fjarðabyggð:	Karl Óttar Pétursson
Fljótsdalshérað:	Óðinn Gunnar Óðinsson
Fljótsdalshreppur:	umboð til fulltrúa Fljótsdalshéraðs
Seyðisfjarðarkaupstaður:	umboð til fulltrúa Fljótsdalshéraðs
Vopnafjarðarhreppur:	enginn fulltrúi

Á dagskrá var að afgreiða fjárhagsáætlun sem var frestað á aðalfundi 19. nóvember.

### Dagskrá:

#### 1. Afgreiðsla fjárhagsáætlunar 2019

Forstöðumaður lagði fram fjárhagsáætlun sem miðar við 5% hækkun framlaga á milli ára. Fjarðabyggð lagði fram bókun um ástæðu þess að ekki var hægt að verða við beiðni um hærri framlög. Áætlunin samþykkt einróma.

#### 2. Önnur mál

Umræður um hlutverk Héraðsskjalasafnsins og kröfur til þess.

Fundargerð lesin upp og undirrituð af fundarstjóra og fundarritara.

Fundi slitið klukkan 14.

Stefán Bragasyni - stj.  
Bára Stefánsdóttir